

LÖG**um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við löginn bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 54. gr. laganna (sbr. 10. gr. laga nr. 8/1984) þarf innlögn 50% fjárfestingarsjóðstillags vegna rekstrarársins 1983 á bundinn reikning ekki að hafa átt sér stað fyrr en fyrir 1. júlí á árinu 1984. Innborgarnir á slíka reikninga í júnímánuði 1984 skulu bundnar í sex mánuði talið frá innborgunardegi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Albert Guðmundsson.***LÖG****um lántöku Áburðarverksmiðju ríkisins.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Áburðarverksmiðju ríkisins er heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 80 millj. kr. sem ríkissjóður ábyrgist í samræmi við ákvæði 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1983. Ríkisstjórninni er heimilt að greiða helming hvernar afborgunar og vaxta af láni þessu og skulu þær greiðslur metnar sem stofnframlag ríkissjóðs í Áburðarverksmiðju ríkisins vegna byggingar saltþéturssýruverksmiðju.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Albert Guðmundsson.